

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 139/3064*  
*komudagur 30. 8. 2011*



# **Vestmannaeyjabær**

**Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingmál nr. 827**

**Unnið af Elliða Vignissyni bæjarstjóra**

**Samþykkt af bæjarráði Vestmannaeyja 30. ágúst 2011 án mótaskvæða**

## Efnisyfirlit

<b>1. Almennnt um áhrif frumvarpsins fyrir Vestmannaeyjar .....</b>	<b>3</b>
1.1 Sértækur skattur .....	3
1.2 Störfum hefur ekki fækkað, þau hafa flust til .....	4
1.3 Vinnumarkaðurinn í Vestmannaeyjum .....	4
1.4 Kvótatapið frá Vestmannaeyjum samsvarar 140 milljörðum frá höfuðborgarsvæðinu.....	4
1.5 Samsvarar því að um 17.000 manns á landinu misstu vinnuna .....	4
1.6 Útsvarstapið samsvarar rúmlega öllum útgjöldum Vestmannaeyjabæjar til félagsþjónustu .....	5
1.7 Íbúafækkunin svarar til þess sem varð í eldgosinu og Tyrkjaráninu .....	5
<b>2. Almennar athugasemdir við frumvarpið .....</b>	<b>5</b>
2.1 Aukið óhagræði – veikburða landsbyggð .....	5
2.2 Skattlagning .....	6
2.3 Framsal.....	6
2.4 Vald ráðherra.....	6
2.5 Olympískar veiðar.....	6
2.6 Byggðakvóti .....	6
2.7 Nýliðun.....	7
2.8 Byggðaðpróun.....	7
<b>3. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins .....</b>	<b>8</b>
3.1 Athugasemd við 3. gr.....	8
3.2 Athugasemd við 6. gr.....	10
3.3 Athugasemd við 7. gr.....	10
3.4 Athugasemd við 8. gr.....	11
3.5 Athugasemd við 13. gr.....	11
3.6 Athugasemd við 15. gr.....	12
3.7 Athugasemd við 19. gr.....	13
3.8 Athugasemd við 25. gr.....	13
<b>4. Niðurstaða Vestmannaeyjabæjar .....</b>	<b>14</b>

Þann 11. júní 2011 samþykkti Alþingi að breyta lögum um stjórn fiskveiða með lögum nr. 116/2006. Þingmál nr. 827 var einnig lagt fram en ekki afgreitt. Í umsögninni hér á eftir er gengið út frá því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggi þetta mál fram að nýju á haustþingi.


Vestmannaeyjabær hefur ítrekað varað við boðuðum breytingum og haldið því fram að lögfesting þeirra hugmynda sem kynntar hafa verið muni skaða bæði hagsmuni Vestmannaeyjabæjar sem og sjávarútveginn í heild og þar með skerða almenna hagsæld á Íslandi.

## 1. Almennat um lífrífrumvarpinu fyrir Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjabær hefur á seinustu árum ítrekað varað við þeim breytingum sem boðaðar hafa verið á stjórn fiskveiða. Bent hefur verið á að íslenskur sjávarútvegur sé vel skipulagður, tæknivæddur og arðbær. Í gildandi fyrirkomulagi er megináhersla lögð á hagkvæmar og sjálfbærar veiðar sem skila gæðaaufurðum á dýrmæta og eftirsóttá markaði. [Margar/Flestar/Allar]Samkeppnisþjóðir Íslands á sviði sjávarútvegs niðurgreiða hins vegar sinn sjávarútveg. Vestmannaeyjabær vill ekki innleiða slíkt fyrirkomulag heldur viðhalda núverandi stöðu og verja.

### 1.1 Sértekur skattur

Í dag er stjórn fiskveiða þannig hagað að fyrirtæki greiða sérstakan skatt fyrir afnot af auðlindinni, 9,5% af reiknaðri framlegð. Í raun er hér um að ræða sértekna skatt á Vestmannaeyjar og önnur sambærileg sveitarfélög á landsbyggðinni, þar sem um 90% aflaheimilda eru staðsettar. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að því að þetta gjald hækki í 19%. Frá fiskveiðiárinu 2003-2004 hafa útgerðir í Vestmannaeyjum greitt rúmlega 500 milljónir<sup>1</sup> króna í þennan sértekna skatt til viðbótar við aðra skatta sem Eyjamenn greiða til jafns við aðra landsmenn. Miðað við höfðatölu jafngilti skatturinn að íbúar höfuðborgarsvæðisins greiddu rúmlega 23,8 milljarða í sértekna skatt af sinni meginauðlind, sem aðrir byggju ekki yfir. Hann myndi duga fyrir byggingu tónlistarhúss á borð við Hörpu á þessu tilgreinda tímabili. Þess ber að geta að í frumvarpinu, sem þessi umsögn nær til, er lagt til að hinn sértekni skattur hækki verulega frá því sem nú er. Eins og neðangreind mynd sýnir hefur hann hækkað nánast stöðugt frá því að hann var settur á og er nú í hámarki.



<sup>1</sup> Hér er miðað út frá þorskígildistonnum á vef Fiskistofu, þetta sem sagt úthlutað aflamark á heimahöfn á ákveðnu tímabili. Eftir því sem undirritaður kemst næst var ekki tekið auðlindagjald af þorski árin 2007 og 2008. Auðlindagjald er bara greitt af lönduðum afla og erfitt að finna út hvað var nákvæmlega veitt og hvað ekki.

## 1.2 Störfum hefur ekki fækkað, þau hafa flust til

Gildandi fiskveiðistjórnunarkerfi veitir nú um 7200 manns vinnu við veiðar og vinnslu. Því hefur verið haldið fram að störfum tengdum sjávarútvegi hafi fækkað á seinustu áratugum. Það er rétt svo langt sem það nær. Því má hins vegar ekki gleyma að afleiddum störfum hefur að sama skapi fjölgað mikið. Dæmi um það eru þúsundir ársverka í markaðsmálum, rannsóknum, framleiðslu tækja og tóla, skipasmíðar, verkfræðivinna, fjármálaþjónusta og margt fleira, fæst þó í nágrenni greinarinnar heldur fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu. Hagrannsóknir benda til þess að sjávarútvegur standi með beinum og óbeinum ætti undir að minnsta kosti 25.000 störfum. Að halda því fram að kvótakerfið sé rót byggðavanda hefur holan hljóm í eyrum Eyjamanna enda fækkaði íbúum þar um næstum 18% frá 1991 til 2007. Á sama tíma jókst aflahlutdeild útgerða í Vestmannaeyjum. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er ekki ábyrgt fyrir byggðapróuninni í landinu, sem oft er nefnd sem rök fyrir nauðsyn breytinga á kerfinu. Þau rök ganga ekki upp. Nánar er fjallað um þetta síðar í þessu álit.

## 1.3 Vinnumarkaðurinn í Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjar eru ein stærsta verstöð landsins. Þar búa nú um 4200 manns og atvinnuleysi er nær ekkert. Af rúmlega 1.800 störfum tengjast ríflega 700 störf fiskveiðum og fiskvinnslu beint. Varlega áætlað viðheldur sjávarútvegurinn á bilinu 75 til 85% af beinum og afleiddum störfum Eyjamanna eða alls á bilinu 1350 til 1550 störfum.

## 1.4 Kvótatapið frá Vestmannaeyjum samsvara 140 milljörðum frá höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir að eftir 15 ár verði aflaheimildir útgerða í Vestmannaeyjum skertar um rúm 9000 þorskígildistonn<sup>2</sup>. Útreikningur bendir til þess að skerðingin minnki árlegt aflaverðmæti um tæplega þrjú milljarða eða um 714.000 á hvern íbúa. Það væri mikill skaði fyrir viðkvæmt hagkerfi Vestmannaeyja. Yfirfært hlutfallslega á höfuðborgarsvæðið jafngilti það tekjumissi uppá tæpa 140 milljarða króna. Dytti einhverjum þingmanni eða ráðherra að leggja slíkt til?

Vissulega er gert ráð fyrir því að aflaheimildum verði úthlutað á ný af ráðherra í margskonar potta, svo sem byggðarpotta, strandveiðipotta og línuvinnunarpotta. Flestir eiga pottarnir það sammerkt að Eyjamenn hafa greitt í þá en ekki fengið úthlutað úr þeim nema í mjög litlum mæli. Vart að teljandi sé.

Útreikningur þessi gerir ennfremur ráð fyrir því að útgerðir í Vestmannaeyjum leigi ekki aflaheimildir úr leigupottum ráðherra enda hagnaður af slíkum hrossakaupum við ríkið vandséður eins og nánar er fjallað um síðar í þessu álit.

## 1.5 Samsvarar því að um 17.000 manns misstu vinnuna

Þessi sviðsmynd sem frumvarpið dregur upp af framtíð Vestmannaeyja er ekki björt, enda ekki við því að búast þegar stefnt er að því að svipta samfélagið um 9000 þorskígildistonn. Reynslan sýnir að miðað við núverandi tæknistig þurfi um 50 sjómenn til að veiða og færa að landi 9000 þorskígildistonn. Reynslan sýnir ennfremur að hver starfsmaður vinnur um 90 tonn af bolfiski á ári, 1000 tonn af frystum uppsjávarafla eða 3500 tonn af mjöli og lýsi (allt miðað við tonn af hráefni). Hluti bolfiskafla er seldur beint á markaði og umfjöllun hér gerir sannarlega ráð fyrir því. Miðað við þessar reynsluforsendur þá þarf um 45 störf í landvinnslu til að vinna þessi 9000 þorskígildi til útflutnings.

<sup>2</sup> Hér er miðað við úthlutun á aflamarki 2011/2012 á þeim tegundum, sem hafa ekki fengið úthlutað aflamarki, er m.v. aflamark síðasta fiskveiðiárs. Í loðnu er hins vegar gert ráð fyrir 500.000 tonnum í aflaheimildir.

Það liggur því fyrir að fyrirliggjandi frumvarp mun kosta um 95 manns í Vestmannaeyjum atvinnuna. Þar er ekki um mörg önnur störf að ræða og mun því mörgum verða nauðugur einn kostur að flytja burt.

Þegar tekið er tillit til afleiddra starfa má með nokkurri vissu áætla að um 200 störf tapist í Vestmannaeyjum náí frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingmál nr. 827, fram að ganga. Þetta eru um 10% allra starfa í Vestmannaeyjum, sem kemur vart á óvart, þar sem skerða á aflaheimildir um 15%.

Sé þetta yfirfært á landið í heild liggur fyrir að alls voru 180.900 manns á vinnumarkaði árið 2009<sup>3</sup>. Af þeim voru 167.800 starfandi en 13.100 án atvinnu. Áhrifin á Vestmannaeyjar, verði frumvarpið samþykkt, samsvarar því að tæplega 17.000 manns missi vinnuna, fái ekki vinnu við sitt hæfi og þurfi jafnvel að lokum að flytjast búferlum af landi brott. Myndi einhverjum detta í huga að leggja slíkt frumvarp fram – hvað þá að gera það í nafni réttlætis?

#### 1.6 Tapað útsvar samsvarar rúmlega öllum útgjöldum sveitarfélagsins til félagsþjónustu

Þeir íbúar sem eftir verða þurfa að reka samfélagið áfram með nánast óbreyttum útgjöldum. Tekjutap hins sameiginlega bæjarsjóðs verður hinsvegar gríðalegt – jafnvel þótt eingöngu sé litið til útsvarsgreiðslna. Skerðing um 9000 þorskígildistonn samsvarar um 4,1 milljarði króna í verðmætum. Laun að frádregnum launatengdum gjöldum eru um 29%. Ef við drögum frá stofni einnig greiðslur í lífeyrissjóði þá getum við reiknað með að um 27,5% af af þessum 4,1 milljarði séu laun. Tapaðar tekjur til útsvars nema því rúmlega 1,1 milljarði. Útsvarsprósentan í Vestmannaeyjum er 14,48% sem merkir að samfélagið tapar í beinum útsvarstekjum hvorki meira né minna en rúmlega 163 milljónum. Til samanburðar má nefna að heildarrekstur félagsþjónustu í Vestmannaeyjum árið 2011 er áætlaður 148 milljónir króna. Jafnvel þótt slíkri þjónustu yrði hætt myndi það ekki duga til að mæta tekjutapinu.

#### 1.7 Íbúafækkunin svarar til þess sem varð í eldgosinu og Tyrkjaráninu

Verði hugmyndir frumvarpsins lögfestar bresta forsendur 100 til 150 fjölskyldna fyrir búsetu í Vestmannaeyjum. Að því gefnu að viðkomandi fái vinnu annars staðar mun íbúum í Vestmannaeyjum fækka um 450 til 500 miðað við núverandi íbúafjölda, fara úr 4200 niður í 3700. Engir viðburðir í sögu byggðar í Vestmannaeyjum hafa haft viðlík áhrif á samfélagið nema eldgoðið 1973 og hið hroðalega grimmdarverk sem kallað hefur verið Tyrkjaránið árið 1627.

## 2. Almennar athugasemdir við frumvarpið

Vestmannaeyjabær gerir athugasemdir við eftirfarandi boðskap í frumvarpinu:

#### 2.1 Aukið óhagræði – veikburða landsbyggð

Það er mat Vestmannaeyjabæjar að frumvarpið feli í sér aukið óhagræði í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Fráhvörf frá markaðstengslum, verðmætasköpun og skilvirkni munu auka kostnað við hvert sótt kíló. Frá 1991 hefur mikil samþjöppun átt sér stað í sjávarútvegi, bæði veiðum og vinnslu. Skýr merki þessa eru að finna í þeim staðreyndum að togurum hefur fækkað um 47% og fimm stærstu aflahlutdeildarhafarnir hafa aukið hlutdeild sína úr 17% árið 1995 í 35,17% árið 2011. Svipuð landslagsbreyting hefur átt sér stað í vinnslu sjávarafurða. Árið 1992 var fjöldi vinnsluleyfa 402 en árið 2007 voru þau 275. Vestmannaeyjar kristalla þessa breytingu sem varð á landsvísi. Fyrirtæki í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum eru nú færri en langtum sterkari. Stærri fyrirtæki geta lækkað

<sup>3</sup> Hér er um að ræða tölur frá 2009 þar sem Hagstofan hefur ekki yfir nýrri tölum að ráða.

meðalkostnað með aukningu veiða. Þau hafa nú aukið verðmætasköpun og eru betur í stakk búin til að sinna beinum samskiptum við viðskiptavinum sína og bregðast við sifbreytilegum kröfum markaðarins. Mörg verðmæt störf hafa verið flutt frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Virðisikeðjan, allt frá undirbúningi veiða (veiðarfæragerð, skipasmíði og fl.) til markaðssetningar, fer nú fram í auknu nábýli við þau samfélög sem standa að verðmætasköpuninni. Landsbyggðin er ekki lengur eingöngu hráefnisframleiðandi fyrir sölubatterý á höfuðborgarsvæðinu heldur frjór jarðvegur fyrir öflug matvælafyrirtæki á alþjóðamarkaði. Líklegt er að lengra hefði verið gengið í þessa átt hefði ríkisvaldið ekki valdið þeirri gríðarlegu óvissu sem verið hefur á seinustu árum.

## 2.2 Skattlagning

Vestmannaeyjabær gerir athugasemdir við auknar skattbyrðar á sjávarútvegsfyrirtæki. Það er alkunna að yfirgnæfandi hluti sjávarútvegsfyrirtækja er á landsbyggðinni. Því mun auðlindagjald á sjávarútveginn fyrst og fremst leggjast á fyrirtæki þar. Sjávarútvegsfyrirtækin eru burðarásinn í atvinnulífi landsbyggðarinnar og þeir aðilar sem helst stuðla að uppbyggingu og framförum þar. Með álagningu auðlindagjalds er verulega dregið úr möguleikum fyrirtækjanna til frekari uppbyggingar og þar með er aukið á vanda landsbyggðarinnar með tilheyrandi þjóðhagslegum afleiðingum. Það er lágmarkskrafa þeirra samfélaga, sem hafa það að lifibrauði að draga fisk úr sjó, að arðurinn af störfum þeirra nýtist fyrst og fremst til hagsbóta fyrir samfélög þeirra.

Árið 2000 var fyrst ákveðið að leggja svokallað veiðigjald á í kjölfar starfa Auðlindanefndar. Gjaldið nam 9,5% af reiknaðri framleg útgerða. Gjaldið hækkaði síðan í þrjú allt til yfirstandandi fiskveiðiárs. Nú er gert ráð fyrir því að atvinnulíf landsbyggðarinnar skuli skattlagt um 19% af framlegð. Sé svokallaðri árgreiðsluáferð þeirri sem Hagstofa Ísland beitir til að reikna út afkomu útgerða og hún miðuð út frá meðalafkomu útgerða seinustu 10 ára þá er þessi aukaskattur á landsbyggðina hvorki meiri né minni 36%. Hann leggst ofan á aðra skatta sem þessir sömu íbúar og þessi sömu fyrirtæki greiða til jafns við aðra landsmenn og önnur fyrirtæki.

## 2.3 Framsal

Vestmannaeyjabær ítrekar þá skoðun sína að viðskipti með nýtingarrétt er forsenda hagkvæmni í sjávarútvegi. Þau eru besta leiðin til að auka veg þeirra sem best standa sig og gera þeim kleift að hætta sem síður standa sig. Einungis þannig er unnt að stuðla að sem þjóðhagslega hagkvæmustum veiðum. Þess sjást víða merki að framsal hafi gert fyrirtækjum kleift að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum í rekstri til að bregðast við breytingum í umhverfinu, svo sem fiskimiðum og staðsetningu stofna.

## 2.4 Vald ráðherra

Vestmannaeyjabær varar við því að vald ráðherra sé aukið umfram það sem nú er. Sé breytinga þörf ætti fremur að draga úr völdum ráðherra í stað þess að auka þau. Breytingar sem miða að aukinni miðstýringu eru að mati Vestmannaeyjabæjar afar viðsjárverðar.

## 2.5 Ólympískar veiðar

Vestmannaeyjabær varar við því að ólympískar veiðar verði innleiddar á ný við fiskveiðistjórn landsins eins og til að mynda hefur verið gert með svokölluðum strandveiðum. Eðli þeirra svipar mjög til þeirra veiðihátta sem of lengi voru viðhafðir og leiddu fyrst og fremst til magnveiða á kostnað gæða og verðmæta. Reynslan hefur kennt Íslendingum að ólympískar veiðar, sama hvaða nafni þær nefnast, leiða ávallt til kapphlaups um aflann á kostnað verðmætasköpunar. Þær leiða til aukins sóknarkostnaðar og draga úr gæðum og þar með verðmæti aflans.

## 2.6 Byggðakvóti

Vestmannaeyjabær fær ekki séð að byggðakvóti sé rétta leiðin til að styrkja samfélögin á landsbyggðinni. Þótt Vestmannaeyjabær styðji heilshugar stuðning við veikari byggðir, og þar með

ætlaðan tilgang að baki byggðakvótanum, verður ekki séð að byggðakvóti skili þeim árangri sem að er stefnt. Reglur um byggðakvótann bjóða heim hættunni á spillingu og miðstýringu. Þær víkja til hliðar þeim megin sjónarmiðum sem varðað hafa stefnuna í sjávarútveginum undanfarinn áratug. Þeim sem starfa í greininni er mismunað með því að handvalin eru ákveðin byggðarlög sem skuli fá kvótann. Ákveðið er að svo og svo miklum afla skuli landað á ákveðnum stöðum án tillits til markaðslegra forsendna. Vandinn er að auki sá að stjórnvöld þurfa einnig að ákveða hvaða aðili í byggðarlaginu skuli fá úthlutað kvóta. Verður það aðili sem alla tíð hefur staðið sig í sínum rekstri eða sá sem verr hefur gengið? Vestmannaeyjabær hefur nýlega reynslu af því að standa afar veikt og glíma við neikvæða íbúabróun. Byggðakvóti hefði litlu sem engu breytt í þeirri stöðu. Vestmannaeyjabær hvetur til þess að fundnar verði gegnsærri og árangursríkari leiðir til að styðja byggðalög í vanda, til dæmis með fjárstuðningi til uppbyggingar á tryggari atvinnuleiðum, auknu aðgengi að menntun, betri samgöngum og þar fram eftir götum.

## 2.7 Nýliðun

Allt frá landnámi hefur sjósókn verið grundvöllur byggðar í Vestmannaeyjum og er sjómennska og nýting auðlindarinnar íbúum eynna í blóð borin. Því er afar mikilvægt að tækifæri til nýliðunar verði amk. ekki skert frá því sem nú er. Vestmannaeyjabær telur hættu á að tækifæri þeirra, sem vilja koma nýir inn í greinina, verði skert nái frumvarpið fram að ganga. Það felur t.d. í sér mjög takmarkaðar heimildir til framsals á nýtingarsamningum og þeim eru settar mjög þröngar skorður. Þá er ráð gert fyrir því að framsal heimilda verði algerlega bannað eftir 15 ár. Frekari takmarkanir við veðsetningu aflaheimilda gerir kaup á útgerð í rekstri afar erfið. Sannarlega er strandveiðum ætlað að mæta þessum þörfum. Fullvíst er að þau áhrif verða lítil sem engin enda eru þær einungis stundaðar í mjög stuttan tíma á árinu og vonlaust að hafa þær að aðalstarfi. Þeir sem sterkast standa að vígi í strandveiðum eru þeir sem hafa selt kvótann frá sér en haldið bátunum eftir. Setja verður spurningamerki við það að hagur þeirra, sem selt hafa aflaheimildir, jafnvel aflaheimildir sem þeir fengu án endurgjalds, sé gerður enn betri á kostnað sjómanna og útgerðarmanna sem hafa kosið að starfa áfram í greininni. Leiguhlutinn er veikburða tilraun sem Vestmannaeyjabær telur ekki að skili árangri enda er slík úthlutun til afar skamms tíma og fjármögnun því bæði dýr og erfið. Verði frumvarpið samþykkt verða tækifæri til nýliðunar skert, ekki aukin.

## 2.8 Byggðabróun

Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á árið 1991. Þá voru íbúar í Vestmannaeyjum 4923. Árið 2010 voru þeir 4144. Íbúum fækkaði semsagt um 16% á tímabilinu. Á sama tímabili jókst aflahlutdeild (kvóti) útgerða í Vestmannaeyjum verulega. Það er því holar hljómur í eyrum Eyjamanna þegar því er haldið fram að kvótakerfið sé meginástæða, jafnvel eina ástæða þeirrar íbúabróunar sem átt hefur sér stað á Íslandi. Íbúabróun lýtur mun flóknari lögmálum en svo.

Störfum við veiðar og vinnslu hefur fækkað mikið vegna aukinnar sjálfvirkni en um leið hafa þau orðið verðmætari og eftirsóttari. Vestmannaeyjabær hafnar með öllu þeim markmiðum frumvarpsins sem felast í fjölgun starfa í sjávarútvegi á kostnað hagkvæmni í greininni. Verði þau að veruleika mun draga úr hagsæld á landsbyggðinni þar sem störfín verða verr borguð og grunnstoðir atvinnulífisins veikar en nú er. Hagkvæm og arðbær fyrirtæki eru forsenda velgengni sérhvers byggðarlags. Vestmannaeyjabær varar sérstaklega við afturhvarfi til þeirrar hugsunar sem einkenndi íslenskan sjávarútveg til margra ára og fólst fyrst og fremst í því að auka afkastagetu með fjárfestingu í tækjum og aðstöðu til veiða og vinnslu. Hagsmunir Vestmannaeyja eins og annarra sambærilegra byggðarlaga er að atvinnulífinu séu búnar forsendur fyrir því að störf sem verða til í kringum grunnatvinnuveginn krefjist menntunar og þekkingar og séu staðsett á landsbyggðinni. Í þessu samhengi er nærtækt að nefna að þrátt fyrir að um 13% aflaheimilda séu staðsett í Vestmannaeyjum er einungis 1 stöðugildi Hafrannsóknarstofnunar í Vestmannaeyjum (samtals eru um 200 starfsmenn hjá stofnuninni), Háskóli Íslands er ekki með neinn starfsmann, Fiskistofa með litla starfsemi og þannig má áfram telja. Vestmannaeyjabær hafnar líka með öllu þeirri aðferðafræði að gera landsbyggðina alfarið ábyrga fyrir



sjálfri sér. Þegar illa gengur á Flateyri eða Breiðdalsvík mega stjórnámamenn í Reykjavík ekki taka sig til og flytja tækifæri frá Vestmannaeyjum eða Fjarðabyggð þangað. Á sama tíma er hinsvegar haldið áfram að þenja út reksturinn í höfuðborginni. Ef pólitískur vilji er til að styrkja þau bæjarfélög og svæði sem eiga undir högg að sækja vegna hnignandi atvinnulífs og fólksfækkunar þá er eðlilegt að það sé gert á heildstæðum samfélagslegum grunni en ekki lagt á herðar einnar atvinnugreinar.

### 3. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Vestmannaeyjabær gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

#### 3.1 Athugasemd við 3. gr.

##### 3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða verstíð úr þeim einstökum nýjastofnum við Ísland sem nauðgynlegt er talið að takmarka veiðar á til að tryggja að veiðar fari fram með sjálfbærum og ábyrgum hætti. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn. Ráðherra getur gripið til annarra jafngilda ráðstafana til að veiðar séu stundaðar með sjálfbærum og ábyrgum hætti.

Leyfður heildaraflí botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðilár. Skal heildaraflí fyrir komandi fiskveiðilár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðilársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda.

Heildaraflí annarra tegunda sjávardyra en þeirra sem tiltekin eru í 2. mgr. skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

Eftirfarandi aflí reiknast til heildarafla og skal dragast frá fyrir úthlutun samkvæmu flokkum og hlutum í þessari grein:

1. Áætlaður aflí sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem og annarra rannsóknastofnana.

2. Áætlaður aflí erlendra skipa í landhelgi Íslands.

3. Áætlaður aflí til áframeldis á þorski eða öðrum tegundum.

4. Áætlaður aflí sem fest við veiðar sem fara fram í fræðshuskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fényttur.

5. Áætlaður aflí tiltekinn í 9. mgr. 15. gr.

6. Annar aflí sem fellur ekki undir flokka 1 og 2 í þessari grein.

Frá og með fiskveiðilárinu 2011/2012 er ráðherra heimilt að skipta úthlutunum heildarafla í einstaka flokka og hluta sem hér segir:

1. Flokkur 1: Samningar um nýtingarleyfi á aflaheimildum.

2. Flokkur 2: Aflamagn sem úthlutað er án nýtingarsamninga sem ráðherra ráðstafar árlega í eftirtalda hluta:

a. Strandveiðihluta, sbr. 10. gr.

b. Byggðahluta, sbr. 14. gr.

c. Leiguhluta, sbr. þessa grein.

d. Lífrávilunarahluta, sbr. 15. gr.

e. Bótahluta, sbr. 14. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða skiptingu úthlutaðs afla milli flokka 1 og 2 sem og hluta í flokki 2. Skal tilfærsla milli flokka og hluta gerast í áföngum á 15 ára tímabili. Í lok tímabilstins skulu að jafnaði 85% þorskigilda þeirra fisktegunda sem sæta takmörkunum skv. 2. mgr. þessarar greinar, að undanskildum þorski, ýsu, ufsa og steinbít, enda gilda sérreglur um þá stofna, renna til samninga um nýtingarleyfi á aflaheimildum í flokki 1.

Skipting þorsks milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildaraflí þorsks fyrir fiskveiðilár meiri en 160.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildaraflí þorsks fer yfir meðalafsa fiskveiðilárunna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting ýsu milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildaraflí ýsu fyrir fiskveiðilár meiri en 50.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildaraflí ýsu fer yfir meðalafsa fiskveiðilárunna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting ufsa milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildaraflí ufsa fyrir fiskveiðilár meiri en 50.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildaraflí ufsa fer yfir meðalafsa fiskveiðilárunna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting steinbíts milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildaraflí steinbíts meiri en



12.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildaraflí steinbítis fer yfir meðalafla fiskveiðiráanna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Til strandveiðihluta renna í upphafi þær aflaheimildir sem tiltekna eru í 10. gr. Að auki skulu renna til strandveiðihluta aflaheimildir í eftirgreindum fisktegundum:

1. Verði leyfilegur heildaraflí þorsks yfir 160.000 lestir, sbr. 7. mgr., skal sá hluti aukningarinnar sem fellur í flokk 2 renna til strandveiðihluta þar til 2.400 lestir þorsks hafa bæst við strandveiðihluta.

2. Verði leyfilegur heildaraflí ufsa yfir 50.000 lestir, sbr. 9. mgr., skal sá hluti aukningarinnar sem fellur í flokk 2 renna til strandveiðihluta þar til 600 lestir af ufsa hafa bæst við strandveiðihluta.

Til byggðahluta fara í upphafi þær aflaheimildir sem runnið hafa til aðgerða í byggðamálum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. Að auki skulu renna til byggðahluta þær aflaheimildir í eftirgreindum fisktegundum sem hér greinir:

1. Verði leyfilegur heildaraflí þorsks yfir 160.000 lestir, sbr. 7. mgr., skal sá hluti aukningarinnar, sem fellur í flokk 2 og er umfram þær 2.400 lestir sem fyrst skulu renna til strandveiðihluta, ráðstafað til byggðahluta þar til 6.000 lestir þorsks hafa bæst við byggðahluta.

2. Verði leyfilegur heildaraflí ýsu yfir 50.000 lestir, sbr. 8. mgr., skal sá hluti aukningarinnar sem fellur í flokk 2 renna til byggðahluta þar til 1.200 lestir ýsu hafa bæst við byggðahluta.

3. Verði leyfilegur heildaraflí ufsa yfir 50.000 lestir, sbr. 9. mgr., skal sá hluti aukningarinnar, sem fellur í flokk 2 og er umfram þær 600 lestir sem fyrst skulu renna til strandveiðihluta, ráðstafað til byggðahluta þar til 800 lestir af ufsa hafa bæst við byggðahluta.

Til leiguhluta skal ráðstafa því magni sem árlega bætist við til ráðstöfunar í flokki 2 þegar fyrrgreindri aukningu aflaheimilda í strandveiðihluta og byggðahluta hefur verið náð. Allar útgerðir fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 5. gr. geta boðið í aflaheimildir sem boðnar eru upp í leiguhluta, sbr. lög um kvótabing. Ráðherra ákveður í reglugerð skiptingu magns af hverri fisktegund sem boðið er upp hverju sinni, hámarks magn sem hver aðili getur boðið í og skiptingu milli tímabila, landsvæða og útgerðarflokka. Tekjur af leiguhluta skulu ráðstafað með sama hætti og tekjur af veiðigjaldi skv. 28. gr.

Ráðherra er heimilt að ráðstafa tilteknu magni úr leiguhluta til nýrra nýtingarsamninga, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI.

Til línuvilunnarhluta renna þær aflaheimildir sem ráðstafað er skv. 8. mgr. 15. gr.

Til bótahluta renna þær aflaheimildir sem ráðstafað er skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., skel- og rækjubætur. Á sjötta fiskveiðidæmi eftir gildistöku laga þessara skulu skel- og rækjubætur samkvæmt þessum hluta falla niður og renna til byggðahluta.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Vestmannaeyjabær tekur undir álit sérfræðihóps hagfræðinga sem skipaður var af sjávarútvegsráðherra og skilaði af sér greinargerð 14. júní 2011. Í greinargerðinni kemur m.a. fram rökstutt álit á því að strandveiðar séu óhagkvæmt kerfi.

Vestmannaeyjabær styður heilshugar þau markmið frumvarpsins að ríkisvaldið styðji byggðir sem standa höllum fæti. Vestmannaeyjabær telur hinsvegar þá leið sem 3. gr. frumvarpsins boðar kolranga. Fátt mun skaða landsbyggðina meira en ætli kjörmir fulltrúar á alþingi að víkja til hliðar kröfunni um hagkvæmni og innleiða þess í stað pottakerfi undir beinni stjórn þeirra sjálfra. Reynslan sýnir að slíkt er ávisun á spillingu. Aðrar leiðir eru betri eins og áður hefur verið bent á.

Vestmannaeyjabær gerir athugasemd við að 3. gr. frumvarpsins gerir eingöngu ráð fyrir að aukning í aflamarki færist í leiguhlut en skerðing aflamarks skili sér hins vegar ekki í minni leiguhluta. Þá er það mat Vestmannaeyjabæjar að orða þurfi ákvarðanir hér að lútandi skýrar og draga úr líkum þess að geðþótti ráðherra geti ráðið niðurstöðu, eins og nú er fyrirhugað.

Vestmannaeyjabær gerir athugasemd við að færa eigi 15% af aflaheimildum allra tegunda (þó ekki þorsk, ýsu, ufsa og steinbít) í leiguhluta á næstu 15 árum. Í raun er hér eingöngu um aukna skattheimtu á landsbyggðina að ræða. Vestmannaeyjabær varar einnig við því að horfið verði frá langtímahugsun í sjávarútvegi og þess í stað innleidd skammtímahugsun. Vart þarf að efast um að fólk sem býr í eigin húsnæði umgengst það öðruvísi en þeir sem búa í leiguhúsnæði. Viljinn til viðhalds og verndunar er gjörólikur. Vestmannaeyjabær minnir á að hin svokallaða sáttanefnd sjávarútvegsráðherra hefur áður hafnað slíkri leið og vekur það því undrun og furðu að þessi slæma hugmynd skuli á ný skjóta upp kollinum.

Þá varar Vestmannaeyjabær mjög eindregið við því gríðarlega valdaframsali sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Meðal annars getur ráðherra horfið frá aflamarkskerfi og tekið upp sóknarstýringu standi vilji hans til þess. Víða í frumvarpinu gætir slíkra viðsjárverðra hugmynda sem færa ráðherra völd til að haga stjórn fiskveiða eftir eigin höfði. Slíkt er í algerri andstöðu við þá ríkjandi hugmynd að valdið skuli liggja hjá þingi. Fremur ætti að draga úr ráðherraráðinu í stað þess að auka það.

### 3.2 Athugasemd við 6. gr.

#### 6. gr. hljóðar svo:

*Útgerðir, sem úthlutað hefur verið aflahlutdeild og eða krókaaflamarkshlutdeild á fiskveiðiarinu 2010/2011 og uppfylla skilyrði 5. gr., skulu eiga rétt á samningum um nýtingarleyfi á aflaheimildum. Heimilt er við samningsgerð að taka tillit til fjárhagsstöðu útgerðar, þ.m.t. skil á greiðslum opinberra gjalda, og að í gildi séu kjarasamningar við áhafnir. Samningur um nýtingarleyfi skal í upphafi að hámarki vera til fimmtán ára. Hafi samningsaðili staðið við allar samningsskuldbindingar sínar skal hann eiga rétt á viðræðum um endurskoðun og framlengingu samnings sem hefja skal sex árum fyrir lok gildistíma samnings en ljúka eigi síðar en fimm árum fyrir lok gildistíma samnings. Með fyrirvara um heimild Alþingis til frekari breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu og að forsendur samnings um nýtingarleyfi hafi ekki breyst er heimilt að framlengja samning um átta ár. Fiskistofa annast samningsgerð í umboði ráðherra.*

Vestmannaeyjabær gerir alvarlegar athugasemdir við að lögfesta eigi nýtingarleyfi til að hámarki 15 ára með mögulegri framlengingu um átta ár. Svo skammur tími er ekki í neinum takti við þá fjárfestingu sem þarf að eiga sér stað ef íslensk sjávarútvegsfyrirtæki ætla að standast erlenda samkeppni. Fjárfesting í skipum, veiðarfærum, tækjum og jafnvel markaðssókn er til áratuga. Til að standa undir slíkum frjárfestingum þarf vissu um aðgengi að hráefni og aflaheimildum. 6. gr. mun því án efa draga úr hagkvæmri fjárfestingu í sjávarútvegi og veikja þar með sjávarbyggðinnar.

Vestmannaeyjabær varar enn við hinu mikla valdaframsali sem greinin felur í sér en verði hún fest í lög getur ráðherra að eigin geðþótta svipt útgerðir aflaheimildum vegna óskilgreindrar fjárhagsstöðu.

### 3.3 Athugasemd við 7. gr.

#### 7. gr. hljóðar svo:

*Varanlegt framsal aflahlutdeilda er óheimilt. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er framsal aflahlutdeilda heimilt sem hér segir:*

- 1. Framsal aflahlutdeilda milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.*
- 2. Framsal aflahlutdeilda milli ótengdra aðila er þó heimilt, með þeim takmörkumum að um jöfn skipti sé að ræða milli aðila í þorsgildum talið.*
- 3. Krókaaflamarkshlutdeild verður aðeins slutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Aðrar aflahlutdeildir verða ekki stuttar til báta með krókaaflamark.*

*Leita skal staðfestingar Fiskistofu á að slutningur aflahlutdeilda sé innan heimilda. Óðlast slíkur slutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga við útgerðir um rafrænar tilkynningar um slutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa og skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiar. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og reglur er lúta að framkvæmd slutnings aflahlutdeilda og greiðslu gjalds.*

Sjöunda greinin, ein og sér, kristallar þá ógnvænlegu stöðu sem umræðan um sjávarútveginn er í um þessar mundir og þá blindhæð, sem fyrirtækin og sjávarsamfélögin eru neydd til að fara yfir. Varanlegt framsal hefur skilað hinu íslenska samfélagi miklum ábata. Hið frjálsa framsal dró úr sóun fjármuna og vinnuafli í greininni. Bann við framsali kemur til með að auka það á ný.

Vestmannaeyjabær gerir alvarlegar athugasemdir við að einungis sjávarútvegsráðherra sé áskilinn réttur til forkaupsréttar í bráðabirgðaákvæði VI. Mikilvægt er að sveitarfélögum verði einnig áskilinn slíkur

réttur.

### 3.4 Athugasemd við 8. gr.

#### 8. gr. hljóðar svo:

Eigi er heimilt að veðsetja, hvort heldur með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða hluta, aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar. Hafi umrædd réttindi þegar verið skráð með samningi á skip eða annað veðandlag fyrir gildistöku laga þessara er óheimilt að endurnýja eða framlengja veðsetninguna þegar undirleggjandi veðsamningur rennur út. Óheimilt er að skilja aflahlutdeild eða réttindi sem henni tengjast frá skipi eða öðru fjárverðmæti nema með þinglýstu samþykki þeirra aðila sem stofnað hafa til veðréttinda í viðkomandi verðmæti frá 1. janúar 1998 sem enn voru í gildi við gildistöku laga þessara. Eigi er heimilt að veðsetja, hvort heldur með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða hluta, aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar.

Hafi réttindi sem óheimilt er að veðsetja skv. 1. mgr. þegar verið skráð með samningi á veðsett skip eða annað fjárverðmæti fyrir gildistöku laga þessara og ekki má skilja þau frá því skv. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, heldur slík veðsetning gildi sínu.

Veðréttur yfir skipi eða öðru fjárverðmæti, sem á hafa verið skráð réttindi sem óheimilt er að veðsetja skv. 1. mgr. fyrir gildistöku laga þessara, tekur eingöngu til þeirra skulda sem hann tók til, við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veðsetja það skip eða fjárverðmæti, sem aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeilda eru skráð á, til tryggingar skuld sem stofnað er til eftir gildistöku laga þessara að því skilyrði uppfylltu að sams konar veðsetning sama veðandlags að sömu eða hærri fjárhæð falli niður samhliða hinni nýju veðsetningu.

Óheimilt er að skilja aflahlutdeild eða réttindi sem henni tengjast frá skipi eða öðru fjárverðmæti nema með þinglýstu samþykki þeirra aðila sem stofnað hafa til veðréttinda í viðkomandi verðmæti frá 1. janúar 1998 sem enn voru í gildi við gildistöku laga þessara.

Vestmannaeyjabær gerir athugasemdir við frekari takmarkanir við veðsetningu aflaheimilda frá því sem nú er. Með slíkum takmörkunum er gerð krafa um gríðarlegt eigið fé í allri fjármögnun innan sjávarútvegsins. Slíkt dregur úr fjarfestingargetu og eykur óhagræði. Þetta mun draga mjög úr tækifærum nýliða til hefja veiðar nema um mjög fjársterka aðila sé að ræða.

### 3.5 Athugasemd við 13. gr.

#### 13. gr. hljóðar svo:

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, er ráðherra heimilt að ákveða skiptingu heildaraflaheimilda á milli flokka 1 og 2, sem og hluta í flokki 2. Jafnframt er ráðherra heimilt að úthluta aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. Getur hann einnig við þá ákvörðun m.a. tekið mið af stærð eða gerð skips, veiðiaðferð, búnaði, svæðum, heimahöfn skips og útbreiðslu stofna. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. másl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund er ráðherra heimilt að ákveða skiptingu heildaraflaheimilda á milli flokka 1 og 2, sem og hluta í flokki 2. Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun m.a. tekið mið af fyrri veiðum, veiðiaðferð, stærð eða gerð skips, svæðum, heimahöfn skips og útbreiðslu stofna. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum og að útgerð viðkomandi skips hafi geri samning við stjórnvöld um nýtingarleyfi á aflaheimildum.

Ráðherra er einnig heimilt að nota aðrar aðferðir við fiskveiðistjórn tímabundið á tegundum sem ekki eru bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, enda liggja fyrir ákvörðun um að aflahlutdeildum verði ekki úthlutað.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er háð því að viðkomandi útgerð geri samning við stjórnvöld um nýtingarleyfi.

Vestmannaeyjabær varar enn og aftur við hinu mikla geðþóttavaldi, sem veita á ráðherra og 13. grein gerir ráð fyrir. Í núverandi lögum um stjórn fiskveiða er ráðherra gert að taka mið af aflareynslu við úthlutun á nýjum tegundum sem færðar eru í kvóta. 13. gr. færir ráðherra hins vegar geðþóttavald við slíkar ákvarðanir. Slíkt vald mun án efa draga úr vilja útgerða til að sækja nýjar ókvótabundnar



veindir, þróa veiðarfæri fyrir þær og skapa þekkingu til að sækja þær. Þeim tilraunum og slíku samstarfi fylgja mikil fjárútlát og mikil áhætta.

Heimild við 15. gr.

### 15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, sbr. 23. gr. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframaflí í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við herra hlutfall en 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 19. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafsbrækju, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpuðisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðitari yfir á það næsta. Ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.

Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hvernar botnfisktegundar, síldar, úthafsbrækju og humars og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpuðisks, enda dregst sá umframaflí frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðitárs á eftir. Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Þá getur ráðherra ákveðið að aflí á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

Við línuveiðar dagrórabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbit sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagrórabáta með línu sem stökkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbit sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagrórabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41/20. mars 2003, um vakistöð siglinga. Línuviltun í þorski skal á hverju fiskveiðitari takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðitárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línuváta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuváta og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskaflí á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbits til línuviltunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbitsaflí skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglu um framkvæmd þessa ákvæðis.

Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafli og 5% af öðrum sjávarafli sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra getur ákveðið skiptingu afla samkvæmt þessari heimild á tímabili. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.

2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafli, með síðari breytingum.

Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafli einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið herra en 85%.

Því aflamarki viðkomandi skips, sem eftir stendur þegar heimildir samkvæmt grein þessari og 19. gr. hafa verið nýttar og ekki hefur verið veitt á fiskveiðitárinu, er ráðherra heimilt að ráðstafa í flokk 2, skv. c-lið, leiguhluta, á næsta fiskveiðitári. Þetta skal gert að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Vestmannaeyjabær gerir athugasemdir við að ráðherra sé á þennan máta gert kleift að hafa veruleg mætti í rekstrarákvæðanir fyrirtækja. Það er nánast farsakennt að fyrir alþingi skuli liggja frumvarp

sem gerir ráð fyrir að ráðherra hafi vit fyrir útgerðarmönnum um það hvernig hámarka skuli aflaverðmæti. Ætti menntamálaráðherra að hafa vit fyrir leikstjórum um það hvaða leikara þeir ættu að velja í tiltekin verk? Ætti iðnaðarráðherra að segja stjórnendum álvera hvernig best sé að auka afköst í kerskálum?

Vestmannaeyjabær minnir einnig á að þegar uppsjávarfiskur er unninn í mjöl og lýsi er það alla jafna fyrst og fremst til nýtingar í skepnufóður, m.a. fyrir fiskeldi, og þar með til manneldis.

### 3.7 Athugasemd við 19. gr.

#### 19. gr. hljóðar svo:

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 3.200 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 25% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskigildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 23. gr. Heimild til framsals er áunnin með veiðum, en þó er ávallt heimilt að flytja allt að 5% aflamarks í upphafi fiskveiðiárs. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skipa. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóttjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Framsal aflamarks milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila sætir ekki takmörkunum.

Framsal aflamarks milli ótengdra aðila er þó heimilt með þeim takmörkunum að um sé að ræða jöfn skipti milli aðila í þorskigildum talið.

Ekki er heimilt að flytja aflamark milli krókaaflamarkskerfis og aflamarkskerfis.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð varðandi framkvæmd þessarar greinar.

Enn og aftur varar Vestmannaeyjabær við þeim miklu og óljósu heimildum sem ráðherra eru ætlaðar í fyrirbyggjandi frumvarpi. Ofangreind grein gerir ráð fyrir að útgerðir séu að öllu leyti háðar geðþótta ráðherra um hvort þær fái heimild til flutnings á aflaheimildum.

### 3.8 Athugasemd við 25. gr.

#### 25. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstíhlið ár og lýkur 30. apríl.

Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðum um stjórn veiða, sbr. 24. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal margfalda með sama hlutfalli og hlutfall vergrar hlutdeildar fjármagns (EBITDA) af tekjum nemur í nýjasta rekstraryfirliti fiskveiða sem Hagstofa reiknar og birtir.

Þeirri upphæð sem þannig sæst skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskigilda miðað við þorskigildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 23. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 19% af þeirri niðurstöðu og lagt í krónum á þorskigildiskilogram.

*Ráðgjafi er beint að taka tillit til mismunandi framlegðar úrgerðarflokka við ákvörðun veiðigjalds, sbr. reikisrýfrútt fiskveiða sem Hagstofa Íslands veitir og birtir.*

Vestmannaeyjabær leggst algerlega gegn hækkan veiðileyfagjalds og ítrekar þá kröfu sína að slíkt gjald verði fellt niður. Gjaldið er enda ekkert annað en sértækur skattur á landsbyggðina. Í þeim hugsunarhætti sem birtist í frumvarpinu er nýlenduviðhorf til landsbyggðarinnar algert. Um 90% af aflaheimildum Íslendinga eru á landsbyggðinni. Það er fólkið á landsbyggðinni sem sækir aflann, veiðir hann og vinnur. Eins og aðrir er þessum íbúum á landsbyggðinni gert að greiða alla þá sömu skatta og álögur sem aðrir Íslendingar gera. Í viðbót við það er þeim ætlað að greiða í sértæka skatta sem námu hátt í þremur milljörðum fiskveiðiárið 2010 til 2011 eða 9,5% af reiknaðri framlegð. Þetta er gert á sama tíma og atvinnulífi landsbyggðarinnar er ætlað að keppa við ríkisstyrktan sjávarútveg í samkeppnislöndunum. Vart þarf að taka fram að íslenskur sjávarútvegur er rekinn án ríkisstyrkja. Vestmannaeyjabær hafnar því með öllu að í stað þess að fella þennan landsbyggðarskatt út skuli nú höfuðið bitið af skömminni með því að hækka skattinn í 19% af áætlaðri EBITU.

Verði farin sú leið að viðhalda þeim sértæku landsbyggðarsköttum sem felast í veiðigjaldi er það lágmarkskrafta Vestmannaeyjabæjar að hann renni óskiptur til þeirra sveitarfélaga þar sem hann er innheimtur.

#### **4. Niðurstaða Vestmannaeyjabæjar**

Vestmannaeyjabær leggst alfarið gegn fyrirliggjandi frumvarpi og bendir á skelfilegar afleiðingar þess fyrir íbúa Vestmannaeyja, íbúa annarra sjávarsamfélaga og efnahag þjóðarinnar. Vestmannaeyjabær hvetur til þess að frumvarpið verði lagt til hliðar og sjávarútvegi gefinn vinnufriður til að nýta þau sóknarfæri sem fyrir liggja en verða einungis nýtt þegar látið verður af ófriðinum.

Vestmannaeyjabær harmar þann skaða sem samfélagið hefur orðið fyrir vegna stöðugra árása á grundvallarvinnuveg þess. Tíma, orku og fjármunum, bæði bæjarfélagsins og útgerða, væri betur varið í frekari uppbyggingu en þá endalaus vagnarleiki gegn vanhugsuðum hugmyndum þings og ríkisstjórnar.

Verði fallið frá fyrirliggjandi frumvarpi frábiður Vestmannaeyjabær sér áframhaldandi ofsóknir með nýjum frumvörpum sem kalla á áframhaldandi tjón og kostnað.

**Lagt er til að frumvarpið verði dregið til baka.**